

**Fundargerð samráðsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga  
bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB**

Fjarfundur var haldinn í samráðsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB þann 29. júní 2022, kl. 11:00.

Fulltrúar BSRB voru: Arna Jakobína Björnsdóttir og Karl Rúnar Þórsson.

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga voru: Berglind Eva Ólafsdóttir, Helgi Aðalsteinsson, Margrét Sigurðardóttir, Ellisif Tinna Víðisdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

**Þetta gerðist:****1. Breyting á námi félagsliða**

Samkvæmt auglýsingu frá mennta- og menningarmálaráðherra nr. 361, dagsett 17. mars 2021 hefur nám félagsliða verið fært af 2. á 3. hæfnisþrep.

Borgarholtsskóli hefur þegar aðlagð námsbraut félagsliða að 3. hæfnisþrepi. Eldra framhaldsnám félagsliða í öldrun og fötlun er og hefur verið á 3. hæfnisþrepi og verður nú hluti af nýrri námsbraut félagsliða.

Reykjavíkurborg hefur ákveðið að miða starfsmat í öllum störfum félagsliða við 3. hæfnisþrep þrátt fyrir að enginn hafi enn útskrifast eftir breytingu af námsbrautinni.

Bæjarstarfsmannafélögin gera kröfu um að Samband íslenskra sveitarfélaga fylgi fordæmi Reykjavíkurborgar.

Afstaða Sambands íslenskra sveitarfélaga er eftirfarandi:

Fyrirhugað er að fyrsti nemendahópurinn af nýrri námsbraut félagsliða á 3. hæfnisþrepi mun útskrifast á árinu 2023. Gangi það eftir, munu störf allra félagsliða teljast á 3. hæfnisþrep frá þeim tíma. Áralengt fordæmi er fyrir þessari framkvæmd gagnvart öðrum fagstéttum þegar nám þeirra hefur verið lengt og færst á hærra hæfnisþrep.

Afstaða bæjarstarfsmannafélaganna:

Forsaga þess að umræður um félagsliða áttu sér stað á fundi samráðsnefndar 6. desember árið 2021 og hér er verið að ljúka þeim fundi er: Á vettvangi faglegur stjórnar um Starfsmat var skipaður undirhópur í ágúst 2021 til ræða tilfærslu félagsliða um eitt þrep á þekkingapætti eftir að tilkynning frá ráðuneyti um að námslok félagsliða verði á 3 hæfnisþrepi varð opinber. Undirhópurinn fundið þann 11. október 2021 þar sem niðurstaðan varð að gildistími yrði 1. janúar 2022 á tilfærslu milli þrepa í starfsmati og að gengið yrði frá því í samstarfnefndum þar sem felldar yrðu niður viðbótargreiðslur sem greiddar hafa verið vegna viðbótarnáms.

Á þessum samráðsfundi er hins vegar verið að hafna tilfærslunni og fylgja ekki fulltrúa Reykjavíkurborgar eins og rætt var. Fulltrúar SNS beita sér þannig að Verkefnastofu Starfsmats fær ekki að vinna sjálfstætt í því vinnulagi sem þar er búið að ákveða og þarf að meðhöndla starfsmat félagsliða ólíkt eftir hvort samningsaðilinn er. Verkefnastofan á að vera sjálfstæð og óháð afskiptum samningsaðila.

Hér átti að ræða um viðbótarnámið að það yrði ekki metið sérstaklega þar sem það er þá komið inn í námið og gera þyrfti breytingar hjá þeim sem málið varðar. Því gildir áfram að þeir félagsliðar sem hafa fengið viðbótarnám sitt metið til viðbótarlauna halda því óbreytt þar til félagsliðastarfið er komið á þrep fjögur í starfsmati.

## 2. Ferðir til og frá vinnu gr. 5.7.7.3

Erindi frá stéttarfélagi vegna túlkunar sveitarfélags á gr. 5.7.7.3 í kjarasamningi aðila vegna félagsmanns í stéttarfélagi.

Grein 5.7.7.3 hljóða svo:

*5.7.7.3 Þar sem almenningssamgöngur eru fyrir hendi og vinnutími starfsmanns hefst, eða hann er kallaður til vinnu á þeim tíma, sem almenningssvagnar ganga ekki skal honum séð fyrir ferð eða greiddur ferðakostnaður. Sama gildir um lok vinnutíma. Þó er ekki greiddur ferðakostnaður til þeirra sem búa innan við 1,5 km (loftlínu) frá föstum vinnustað.*

Stéttarfélagið gengur út frá því að ákvæðið gildi um þá starfsmenn sem ekki geta notið almenningssamgangna og samkvæmt því eigi starfsmaðurinn rétt á ferðum eða greiðslu ferðakostnaðar þegar almenningssamgöngur eru ekki fyrir hendi við upphaf eða lok vinnutíma.

Sveitarfélagið lítur svo á að þær almenningssamgöngur sem til staðar eru séu ekki til staðar á þann hátt sem horft er til í umræddum kjarasamningi. Ásamt því að starfsmaður og vinnuveitandi ganga inn í samningssamband á þeim forsendum að starfsmaður búi innan sveitarfélags og að starfsstöðin sé í öðrum byggðakjarna sveitarfélagsins verður að horfa til þeirra forsenda við meðferð ágreiningsmála. Sveitarfélagið lítur svo á að sveitarfélagið allt sé eitt atvinnusvæði og gildir því grein 5.7.7.1 um að starfsmaður skuli sækja vinnu til fasts ráðningarstaðar á eigin vegum og í tíma sínum. Afstaða sveitarfélagsins er því að það greiði ekki ferðakostnað vegna ferðar starfsmanna innan sveitarfélagsins.

### Niðurstaða:

Samráðsnefndin er sammála um að þar sem almenningssamgöngur eru fyrir hendi innan sveitarfélaga gilda ákvæði gr. 5.7.7.3 þegar við á samanber áætlun strætisvagna innan sveitarfélagsins.

## 3. Vinnutímaskjal grunnskólustarfsmanna

Bæjarstarfsmannafélögin óskuðu eftir að reikniskjal um launadreifingu verði endurskoðað með tilliti til styttingar vinnutíma. Bæjarstarfsmannafélögin eru ósátt við að einstök sveitarfélög hafa notað það sem viðauka við ráðningarsamninga en það á að vera upplýsingablað fyrir starfsmenn.

### Niðurstaða:

Aðilar eru sammála um að vinna að endurskoðun reikniskjalsins. Frekari umræðu frestað til næsta fundar.

## 4. Yfirvinna 1 og 2

Umræðu frestað til næsta fundar.

## 5. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið.